

2001050007  
8509; 9310

Skaftárhreppur  
Ólafía Jakobsdóttir, sveitarstjóri  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 29. júní 2001  
/--

### **Efni: Stækkun sorpeyðingarstöðvar á Kirkjubæjarklaustri. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis sveitarstjórar Skaftárhrepps dags. 31. maí 2000 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt stækkun á sorpeyðingarstöð með varmaendurvinnslu á Kirkjubæjarklaustri samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórar Skaftárhrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Hollustuverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 18. júní 2001, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 11. júní 2001 og Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 26. júní 2001. Svör framkvæmdaraðila við umsögnum bárust með bréfi dags. 27. júní 2001.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða stækkun núverandi sorpeyðingarstöðvar á Kirkjubæjarklaustri. Núverandi sorpeyðingarstöð er staðsett í gámum á lóð við grunnskóla, sundlaug og ípróttahús og hóf hún starfsemi sína þar árið 1999 að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Afköst þeirrar stöðvar eru um 500 kg á dag. Áætlað er að byggja kyndistöðvarhús á milli núverandi sorpeyðingarstöðvar og hins nýja ípróttahúss þar sem nýjum brennsluofni, sem brennir um 700 kg á dag, verði komið fyrir. Kyndistöðvarhúsið verði sambyggt ípróttahúsi og verði varmaendurvinnsla frá nýju sorpeyðingarstöðinni notuð til kyndingar á því. Eftir fyrirhugaða stækkun verða dagleg afköst sorpeyðingar því um 1.200 kg. Jafnframt er stefnt að flutningi á núverandi brennsluofni, í hina nýju kyndistöð og þá verði öll varmaendurvinnslan undir sama þaki. Með þeirri breytingu er gert ráð fyrir að dagleg afköst stöðvarinnar aukist í 1.400 kg. á dag. Eingöngu er gert ráð fyrir að brenna flokkaðan úrgang í nýju sorpeyðingarstöðinni, þ.e. heimilissorpi, landbúnaðarplasti, úrgangstimbri o.fl.

Breyting var gerð á Aðalskipulagi Kirkjubæjark austurs 1988-2008 er staðsetning sorpbrennslustöðvar var ákveðin og var hún staðfest af umhverfisráðherra 6. október 1999. Stækkun sorpeyðingarstöðvar og bygging íþróttahúss á sama stað er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt**

Í umsögn Skaftárhrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Hollustuverndar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Sorpbrennsla á Kirkjubæjarklaustri**

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að staðsetning núverandi sem og nýrrar sorpbrennslustöðvar á Kirkjubæjarklaustri uppfylli ekki ákvæði í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang, þar sem kveðið sé á um 500 metra lágmarksfjarlægð söfnunar- og móttökustöðva frá íbúðahverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum. Ljóst sé að undanþágu ráðherra frá settum fjarlægðarmörkum sé einnig þörf til að mega reka sorpbrennslustöð á þeim stað sem hún er fyrirhuguð en umhverfisráðherra hafi veitt núverandi sorpbrennslustöð slíka undanþágu með bréfi dagsettu 1. mars 1999.

Hollustuvernd bendir einnig á að í framtíðinni geti aðrar endurnotkunar- eða endurvinnsluleiðir en brennsla verið hagstæður kostur, t.d. hvað varðar rúllubaggplast, dekk, umbúðaúrgang o. fl. Rekstrarforsendur fyrir sorpbrennslustöð kunni að breytast með tilkomu úrvinnslu- og skilagjalds á t.d. dekk og umbúðir.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að með rekstri sorpeyðingarstöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri sé verið að koma á bættum og skipulögðum ferli sorphirðu, sem byggi á mikilli flokkun og vinnslu úrgangs, m.a. með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif með ákveðinni nýtingu, þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu og jarðgerð. Úrbætur þessar séu í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins og stefnumótun stjórnvalda.

### **Hávaði**

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að í greinargerð framkvæmdaraðila sé ekki fjallað um hvernig hávaði frá starfsemi muni verða í næsta nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar. Fram kemur að Hollustuvernd ríkisins mæli með því að óháður aðili geri könnun á áhrifum hávaða á starfsmenn og íbúa á svæðinu og í nágrenni þess. Komi í ljós óþægindi af hávaðanum beri starfsleyfisveitanda að gera kröfu til framkvæmdaraðila að hann geri úrbætur í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé um hávaðamengandi starfsemi að ræða. Innandyra sé hávaði frá núverandi sorporkustöð einungis suð frá loftræstikerfi og utanhúss sé um að ræða venjulegan hávaða frá umferð að stöðinni. Engar kvartanir hafi borist um hávaða vegna núverandi starfsemi. Fram kemur að ekki sé fyrirsjáanlegt að um aukningu á hávaða verði að ræða vegna stækkunar á sorpeyðingarstöðinni. Væntanlegt kyndistöðvarhús verði steinsteypt og sér aðkoma verði að húsinu.

### **Loftmengun**

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að mengunarmælingar á útblæstri núverandi sorpbrennslu á Kirkjubæjarklaustri sýni að mengun í útblæstri sé vel innan settra losunarmarka. Þar sem viðbótarbrennsluofn verði af sömu gerð og núverandi brennsluofn telji stofnunin líklegt að styrkleiki mengunar í útblæstri muni verða sambærilegur eftir stækkunina. Ef mengunarmælingar á útblæstri eftir stækkunina leiði hins vegar í ljós að mengun í útblæstri hafi aukist verulega, eða fari yfir gildandi losunarmörk, megi búast við að Hollustuvernd ríkisins setji kröfur um frekari mengunarvarnir, t.d. hreinsun á útblásturslofti, hækkun á skorsteini og/eða aukinn hraða útblásturs. Fram kemur að þó sorpbrennslustöðin uppfylli núgildandi kröfur varðandi útblástur sé fyrirsjáanlegt að hún muni ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til brennslustöðva samkvæmt nýrri tilskipun Evrópusambandsins 2000/76/EC, sem muni líklega taka gildi hér á landi í nánustu framtíð. Þar sé gert ráð fyrir reykhreinsun og samfelldum mælingum á útblæstri frá og með 2006. Því telji Hollustuvernd æskilegt að framkvæmdaraðilinn taki mið af þeirri tilskipun við fyrirhugaðar framkvæmdir.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða stækkun núverandi sorpeyðingarstöðvar á Kirkjubæjarklaustri úr 500 kg daglegum afköstum í 1.400 kg. Framkvæmdin felur í sér byggingu kyndistöðvarhúss, starfrækslu nýs brennsluofns og flutning á núverandi brennsluofni í nýtt kyndistöðvarhús. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Ekki verður séð að breyting verði veruleg á umhverfisáhrifum sorpbrennslu á Kirkjubæjarklaustri við þá stækkun sem hér er til athugunar. Um er að ræða brennsluofn af sömu gerð og þann sem fyrir er, en útblástursmælingar hafa sýnt að mengun í útblásturslofti sé vel innan settra marka og samkvæmt álit Hollustuverndar ríkisins er ólíklegt að breyting verði þar á af völdum fyrirhugaðrar stækkunar. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að við framkvæmdina verði farið að þeim viðmiðunum sem gilda á hverjum tíma um útblástur mengunarefna og hávaða og einnig verði gert ráð fyrir fyrirsjáanlegum breytingum á þeim viðmiðunum vegna nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins 2000/76/EC.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun sorpeyðingarstöðvar á Kirkjubæjarklaustri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins samkvæmt 12. tl. 1. viðauka reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig að framkvæmdin er háð undanþágu umhverfisráðherra frá settum fjarlægðarmörkum söfnunar- og móttökustöðva frá íbúðahverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum samkvæmt reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. júlí 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Skaftárhreppur, Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.